

Þingmál. 114

Bann við umskurði drengja. Almenn hegningarlög  
148. löggjafabing

Nafn sendanda: Raket Sigurveig Kristjánsdóttir

14. mars 2018

Umsögn.

Frumvarp til ólögleiðingar á umskurði drengja á Íslandi.

Ég styð frumvarpið líkt og ég held að meirihluti Íslendinga geri. Ég tel þetta snúast ekki aðeins um réttindi barnsins, heldur einnig um almenn mannréttindi og jafnrétti kynjanna. Ef umskurður stúlkna er ólöglegur þá á umskurður drengja auðvitað líka að vera ólöglegur, þó inngrip sé eflaust meiri við umskurð stúlkna (FGM). Það er alveg á hreinu að umskurður barna er óþarfa óafturkræf aðgerð, framkvæmd á ungabörnum sem fá ekkert val. Þessi hefð er byggð á úreltum forsendum og ekki gilt að halda henni uppi í nafni hefðar eða siða. Ef við lítum á þessa athöfn eins og hún er þá er um að ræða samkomu fólks þar sem fullorðin manneskja (hvort sem það sé prestur, læknir eða annar) tekur í kynfæri ungabarns og sker í það. Það er einnig staðreynd að börnin finna sársauka ef þau eru ekki deyfð. Hins vegar skiptir sársaukinn né huglæg fegurð athafnarinnar (sem hinir fullorðnu sjá), ekki mestu máli hér. Þetta er siðferðisleg spurning um hvaða læknisfræðilega óþarfa aðgerðir má framkvæma á börnum án þeirra samþykkis í nafni trúar eða siða sem þau hafa ekki tekið afstöðu til. Samfélög hafa, sem betur fer, lagt niður ýmsar úreltar hefðir og siði í gegnum aldirnar. Ég sé þetta sem enn af þeim siðum og munum við líta til bara og undrast að þessu hafi ekki verið breytt fyrr en 2018. Ísland ætti að vera stolt af því að taka þetta fyrsta skref og sýna gott fordæmi. Öll hreinlætis rök eru löngu úrelt þar sem fólk þrífur sig daglega. Þetta þótti kannski hreinlætisbót fyrir einhverjum hundruðum eða þúsundum ára en sem betur fer hefur okkur farið fram hvað varðar almennt hreinlæti. Það er aldrei læknisfræðilega betra að framkvæma svona inngrip á líkama ungabarna og drengir með forhúð eru ekki óþrifalegri en þeir sem hafa verið umskornir.

Öll trúar rök skipta ekki máli, eiga ekki að skipta máli og mega ekki skipta máli. Það er mjög hættulegt að gefa afslátt af mannréttindum/réttindum barana/jafnrétti kynjanna í nafni trúar í lögum lands sem á að teljast siðmenntað. Ég tel að með þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, verður gefið fordæmi um að hér verður aldrei gefinn afsláttur á mannréttindum, réttindum barna eða jafnrétti kynjanna í nafni neinnar trúar eða siða sem fara gegn fyrrgreindum réttindum fólks. Að gera það væri bæði fásinna og siðlaust. Það þarf að vera á hreinu í lögum að mannréttindi, jafnrétti og réttindi barna eru alltaf æðri trúarsíðum og að trú eða hefðir geta aldrei réttlætt brot á þessum grunn gildum samfélagsins.

Á Íslandi er trúfrelsi. Fólk er frjálst að trúa eða trúa ekki, vera partur af trúarlegum söfnuði eða húmanískum/siðmenntuðum hópum ef það kys, án þess að vera dæmt af öðrum sem eru annarrar trúar. Þetta eru grunn gildi. Hver og einn velur sér hvort hann trúi og fylgi trúarsíðum. Trú getur verið falleg og góð. Hver og einn má trúa og fylgja þeim trúarbrögðum sem hann kys svo lengi sem þær athafnir sem trúin hvetur til brjóti ekki gegn lögum landsins. When in Rome do as the Romans do. Það hefur verið barist hart og lengi fyrir grunn gildum mannréttinda, jafnrétti kynjanna og réttindum barna og þau ber að vernda. Þetta ætti að vera kristal tært og ég tel að þetta frumvarp sé fyrsta skrefið í að skýra þessa afstöðu.



Raket Sigurveig Kristjánsdóttir  
14. mars 2018

Sent á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Viðtakandi: allsherjar- og menntamálanefnd.